

Páll og Díska eiga heima í Reykjavík, höfuðborg Íslands. Þar búa þau í íbúð í blokk. Íbúðin er stór og góð. Hún er þrjú herbergi: stofa og tvö svefnherbergi. Þar er líka eldhús og bað. Í kjallaranum er geymsla.

Á morgnana safnast öll fjölskyldan saman í eldhúsinu til að borða morgunmat, hlusta á útvarpið og tala saman. Pabbi vaknar venjulega fyrstur og vekur þá mömmu og krakkana. Hann hitar kaffivatnið, leggur á borð, ristar brauðið og spælir egginn. Á meðan fjölskyldan situr við morgunverðarborðið spjalla þau saman.

Pabbi: Jæja, krakkar. Hvað eigið þið að læra í skólanum í dag?

Ása: Ég á að æfa mig í að lesa og reikna.

Jón: Við Siggi eigum að fara í handmennt og leikfimi, en það er líka lestur og reikningur hjá okkur.

Pabbi: Finnst ykkur gaman í skólanum?

Siggi: Nei, það er hundleiðinlegt.

Jón: Já, það er nú svolítið skemmtilegt stundum, sérstaklega í tónmennt.

Mamma: Nú verðið þið víst að fara að flýta ykkur í skólann.

Pabbi: Já, alveg rétt. Klukkan er að verða átta. Fariði nú varlega í umferðinni. Passið ykkur nú á bílunum.

---

Ég heiti Michael. Ég er frá Berlín. Ég ætla að segja ykkur frá daglegu lífi mínu hérna á Íslandi. Ég er skiptinemi við Háskóla Íslands og er að læra íslensku og sagnfræði.

Á virkum dögum vakna ég venjulega klukkan hálf átta. Fyrst fer ég í hressandi sturtu og svo borða ég morgunmatinn minn. Venjulega borða ég morgunkorn og fæ mér svo appelsínusafa og kaffi.

Síðan hjóla ég í skólann (það er stundum erfitt út af veðrinu!) til að fara í fyrsta tíma sem byrjar venjulega klukkan korter yfir átta. Eftir skóla, klukkan tólf, hjóla ég svo heim. Ég bý hjá ungu pari í miðbæ Reykjavíkur. Þau heita Edda og Valur og hundurinn þeirra heitir Gréta. Þau eru öll mjög hress, líka Gréta. Það er alltaf fjör á heimilinu. Við búum á þriðju hæð í gömlu húsi.

Í hádeginu er ég yfirleitt orðinn mjög svangur og fæ mér oft samloku og te í hádegismat. Eftir hádegi legg ég mig. Þegar ég vakna aftur fer ég út í búð að kaupa í matinn og síðan hjóla ég aftur í skólann til að vinna heimavinnuna. Hérna sjáið þið mig til dæmis vera að skrifa ritgerð í sagnfræði í tölvuveri Háskólans. Stundum þarf ég að fara á Háskólabókasafnið til að leita að bókum fyrir heimildavinnuna.

Svo tek ég mér auðvitað pásu og hitti skólafélaga mína. Við fáum okkur kaffi og spjöllum saman. Þegar ég er búinn með heimavinnuna fer ég aftur heim og slappa af. Þá fer ég í sund og sit i heita

pottinum. Það er ótrúlega notalegt! Um klukkan átta borða ég venjulega kvöldmat. Ég fæ mér oft hamborgara eða fisk með kartöflum. Mér finnst ekki gaman að elda og vaska upp. Þess vegna elda ég bara einfaldan mat sem tekur ekki langan tíma að búa til.

Á kvöldin horfi ég á sjónvarpið, leik mér við hundinn Grétu og spjalla við fólkið sem ég bý hjá. Stundum fer ég út með vinum mínum á lítinn þöbb og fæ mér bjór. En skólinn bíður svo næsta morgun og ég fer að sofa um miðnætti – mig dreymir íslenska kind!

## Určování času

um morguninn / á morgnana (ráno)  
fyrir hádegi = fyrri partinn = árdegis (dopoledne)  
eftir hádegi = seinni partinn = síðdegis (odpoledne)  
á kvöldin (večer)  
á nóttunni (v noci)

í dag (dnes)  
í morgun (dnes ráno)  
í kvöld (dnes večer)  
í nótt (dnes v noci)

í gær (včera)  
í gærmorgun (včera ráno)  
í gærkvöld(i) (včera večer)

á morgun (zítra)  
í fyrramálið (zítra ráno)  
annað kvöld (zítra večer)

klukkustund (F) / (klukku)tími (M) – hodina  
tvær klukkustundir/tveir (klukku)tímar – dvě hodiny  
fyrir tveimur tímum (DAT) – před dvěma hodinami  
eftir tvo tíma (ACC) – za dvě hodiny

hálf tími (M) - půlhodina  
korter (N) - čtvrt hodina  
mínúta (F) - minuta  
sekúnda (F) - sekunda  
hádegi (N) – poledne; um hádegi – v poledne  
miðnætti (N) – půlnoc; á miðnætti – o půlnoci

07:00/19:00 klukkan er sjö (um morguninn /um kvöldið)  
07:05/19:05 klukkan er fimm mínútur yfir sjö  
07:15/19:15 klukkan er korter yfir sjö  
07:30/19:30 klukkan er hálf átta  
07:40/19:40 klukkan er tuttugu mínútur í átta  
07:45/19:45 klukkan er korter í átta  
08:00/20:00 klukkan er átta (um morguninn /um kvöldið)